



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavík, 9. nóvember 2020

## Efni: Skýrsla vinnuhóps ÍSí um þjóðarleikvanga

Á 74. Íþróttapingi ÍSí 3.-4. maí 2019 var svohljóðandi ályktun um þjóðarleikvanga og aðstöðu fyrir landsliðsfólk Íslands samþykkt:

*„74. Íþróttaping ÍSí haldið 3.-4. maí 2019 lýsir yfir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi landsliða og afreksíþróttafólks Íslands í flestum íþróttagreinum. Flest sérsambönd innan ÍSí vantar varanlega aðstöðu (þjóðarleikvanga) til æfinga og keppni fyrir öll sín landslið og afreksíþróttafólk. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla framþróun í afreksstarfi íþróttahreyfingarinnar.“*

*Íþróttaping óskar eftir því að stjórn Íþrótt- og Ólympíusambandsins (ÍSí) sem regnhlífarsamtök hreyfingarinnar hefji tafarlausar viðræður við ríkisvaldið, sveitarfélög og íþróttahéruð um varanlega lausn á aðstöðuleysi afreksíþróttafólks og landsliða okkar sem og að skipaður verði vinnuhópur fyrir 20. maí 2019 um þjóðarleikvanga sem nýst geta sem flestum íþróttagreinum.“*

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 3. júlí 2019, var skipað í vinnuhóp á vegum ÍSí og tók hann þegar til starfa. Fulltrúi ykkar í vinnuhópnum var Ómar Einarsson.

Vinnuhópurinn skilaði ítarlegri skýrslu í ágúst 2020 sem send var framkvæmdastjórni ÍSí, sem hefur nú fjallað um skýrsluna á fundum sínum.

Í skipunarbréfinu kom fram að helstu verkefni vinnuhópsins væru að kortleggja þarfir þeirra sérsambanda sem uppfylla kröfur reglugerðar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum og koma með tillögur að forgangsröðun og úrlausnum. Vinnuhópnum var jafnframt gert að skila áfangaskýrslu á Formannafundi ÍSí í nóvember 2019.

Meðfylgjandi má finna skýrslu vinnuhópsins, en þar má finna ítarlegar upplýsingar um aðstöðumál sérsambanda ÍSí og þarfir þeirra.

Með bréfi þessu óskar ÍSí eftir því að samtökin sendi skýrsluna áfram á sveitarfélögin sem eiga aðild að samtökunum. ÍSí er tilbúið til að bjóða til kynningarfundar um skýrsluna, ef áhugi er fyrir hendi hjá sveitarfélögunum.

**Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lárus L. Blöndal  
forseti

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

